

Smárit PSSÍ, nr. 4



ÚGANDA

Úganda

Útgáfandi:

Próunarsamvinnustofnun Íslands,
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík
2003 Próunarsamvinnustofnun Íslands

© 2003 Ljósmyndir:

Árni Helgason: bls. 11, 12, 13, 17, 18, 31, 32, 33, 36, 45;
Elín R. Sigurðardóttir: forsíða, bls. 35;
Erla Halldórsdóttir: bls. 3, 4, 5, 7, 8, 21, 23, 25, 30, 38, 39, 40;
Kristján Hjaltason: bls. 42;
Af Netinu: 9, 15, 19, 20, 26, 28, 29.

*Eftirtaldir lögðu til efni og upplýsingar og lásu yfir handrit. Þeim
og öðrum er að verkinu komu eru færðar bestu þakkir:*

Árni Helgason, PSSÍ
Drífa Kristjánsdóttir, PSSÍ
Guðrún Kristjánsdóttir
Jón Proppé
Sighvatur Björgvinsson, PSSÍ
Sigríður Haraldsdóttir, Landlæknisembættinu

Útgáfustjóri:

Margrét Einarsdóttir

Höfundur:

Hulda Proppé

Ritstjóri:

Kristín Loftsdóttir

Prófórk:

Sigrún Þorgeirsdóttir

Hönnun:

Margrét Rósa Sigurðardóttir


Prentun:

Prentmet

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Kort af Úganda | 2 |
| Úganda..... | 3 |
| Land og þjóð..... | 4 |
| Land og þjóð í tölum | 5 |
| Íbúarnir | 6 |
| Trúarbrögð | 9 |
| Úganda verður til..... | 10 |
| Nýlendutíminn..... | 12 |
| Sjálfstætt Úganda og borgarastríð | 14 |
| Börn í hernaði | 19 |
| Kosningar og lýðræðisþróun | 21 |
| Samskipti við grannriki og önnur ríki..... | 23 |
| Tölur um fjarskipti | 24 |
| Jafnrétti kynjanna..... | 25 |
| Kvennahreyfingar | 26 |
| Efnahags- og félagsmál..... | 28 |
| Tölur um efnahagssmál | 29 |
| Landbúnaður | 30 |
| Fiskveiðar | 31 |
| Iðnaður | 32 |
| Fátaekt | 34 |
| Menntun | 34 |
| Tölur um menntun..... | 36 |
| Heilbrigði og sjúkdómar | 37 |
| Tölur um heilbrigðismál | 39 |
| Saga Mollyjar Nantongo | 40 |
| Próunarsamvinna..... | 41 |
| PSSI í Úganda | 41 |
| Íslendingar í Mósambík | 44 |
| Helstu heimildir: | 46 |






Úganda

Úganda má lýsa sem landi fjölbreytileika og andstæðna. Náttúran skartar fjöllum, jöklum og vötnum ásamt sléttum. Saga landsins er til vitnis um margbreytileika fólksins og mennigarlega fjölbreytni þratt fyrir að hún hafi einkennst af blóðugum átökum síðustu áratugi. Í landinu eru upptök Nílar en án skapar ekki eingöngu frjóan jarðveg til ræktunar heldur hefur hún laðað að sér fólk af ólíkum uppruna. Meiri hluti íbúanna býr í dreifbýli en í höfuðborginni Kampala er fjölbreytt stórborgarlíf.

Ríkið Úganda varð til sem nýlenda Bretta í lok 19. aldar en landið öðlaðist sjálfstæði árið 1962. Borgarastrið geisaði og einræðisstjórn var við völd í landinu nánast sleitulaust í nær aldarfjórðung. Margir íbúa landsins eiga um sárt að binda, hafa misst ættingja sína og vini og sumir hafa flúið land. Frá 1986 hefur ríkt friður í mestöllu landinu og unnið er að því að auka lífsgæði þjóðarinnar, m.a. með því að styrkja efnahagskerfið, auka menntun og efla heilsugæslu.



Land og þjóð

Úganda er tiltölulega lítið land í miðri Austur-Afríku, að eins 241.139 km² að stærð. Hæð landsins yfir sjávarmáli ásamt miðbaugloftslagi veldur því að hitastig er mjög stöðugt yfir árið. Purkkatíminn telst um einn mánuður í mið- og vesturhluta landsins en í suðri eru þurrkar í júní, júlí og ágúst. Í norður og norðausturhluta landsins eru tvö þurrkatímabil, október og desember fram í mars, sem hefur í för með sér að bændur geta fengið tvær uppskerur árlega. Meðalhiti er á milli 16 og 29° C og meðalúrkoma um 760 mm í norðausturhluta landsins og um 1.520 mm nær Viktorfuvatni.

Fjölbreytt landslag einkennir Úganda. Um 20% landsins eru vötn og er Viktoríuvatn þekktast þeirra og stærst. Uppsprettu Nílar er að finna í Viktoríuvatni í Úganda. Níl er vistfræðilega og menningarlega mikilvæg enda eru svæðin sunnan Nílar afar frjósöm og jarðvegur góður. Þar eru mestu landbúnaðarsvæði landsins. Í austri liggja landamæri Úganda að Kenia og eru þar eldfjöll og skógar í fjöllum. Úganda liggur hvergi að sjó og eru mikilvæg tengsl Úganda við hafnir og umheiminn í gegnum Kenia. Í norðri eru sléttur við landamæri Súdans þar sem borgarastríð hefur geisað meira og minna síðastliðin 40 ár. Norðan Nílar eru strjálbýlar sléttur, óregluleg úrkoma, yfirborðsvatn sjaldgæfara og þurrkar algengari en í öðrum hlutum landsins. Í norðausturhluta landsins, þar sem vistkerfið er einna viðkvæmast, búa hirðingjar og er nautgriparækt algengasta lífsviðurværi þeirra.

Við landamærin í vestri að Kongó er stórbrotið landslag. Þar rísa fjallstindar Rwensori og annarra fjalla til himins, jöklar þekja fjöllin og þegar neðar dregur tekur við skógarþykki. Lífsviðurværi fólks á þessu svæði er gjarnan kvíkfjárrækt og akuryrkja. Í suðri liggja landamæri Úganda að Rúanda og Tansaníu. Átök í þessum löndum hafa haft áhrif á Úganda enda hafa margir flóttamenn þaðan flúið til Úganda og jafnvel sest þar að til frambúðar.

Úgandskt samfélag er dreifbýlissamfélag þar sem einungis um 11% íbúa landsins búa á þéttbýlissvæðum. Kampala er stærsta borgin en hún hýsir 40% þeirra sem búa í þéttbýli í landinu. Borgin hefur einkennst af mikilli uppbyggingu síðustu ár eftir áratuga vanrækslu og átök. Borgarskipulag hefur verið endurskoðað og nýjar skrifstofubýggingar, hótel og verslunarmiðstöðvar reistar. Entebbe, sem er næststærsta borgin, liggur suður af Kampala. Hún var áður miðstöð stjórnunar en nú er þar alþjóðaflugvöllur.

Úganda er lýðveldi með þjóðþingi og nú er í landinu tímabundið „einsflokkakerfi“. Yoweri Museveni, núverandi forseti, tók við völdum árið 1986 eftir nánast sleitulausa óstjórn í landinu frá 1964. Museveni telur að fjölflokkakerfi muni endurvekja þjóðernisdeilur og eru

Land og þjóð

Stærð: 241.139 km²

Mannfjöldi (2000):
23,3 milljónir

Fólkstjórgun (2000-2015):
3,4% á ári


Frjósemi (1995-2000):
7,1 fæðing á konu.

Meðalhit: 16-29°
(breytilegur eftir héraðum)

Hófuðborg: Kampala
(um 1,2 milljónir íbúa)

Gjaldmiðill:
Úgandskur shillingur
NUSh - 1.714 NUSh:
1 Bandaríkjadollar

Tungumál: Enska er opinbert tungumál. Auk þess tala um tvær þriðju íbúanna tungumál af bantu- og nilotic-stofni, swahili og arabísku.




stjórnmálaflokkar því bannaðir. Samkvæmt stjórnarskrá Úganda er fólk í leyfilegt að bjóða sig fram til þings sem einstaklingar en undir nafni Hinnar þjóðlegu andspyrnu-hreyfingar (NRM). Hin þjóðlega andspyrnuhreyfing gengur undir nafninu Hreyfingin (Movement) og er skilgreind sem fjöldahreyfing allra Úgandabúa. Skiptar skoðanir eru um þetta fyrirkomulag og telja margir að stjórnunarstíll Musevenis sé í anda einræðis.

Konur hafa verið áberandi afl í stjórnálum í Úganda þrátt fyrir að þær hafi ekki fengið kosningarétt fyrr en þegar landið öðlaðist sjálfstæði árið 1962. Árið 2002 skipuðu konur 24,7 % þingsæta í Úganda og um 27,1% ráðherra landsins voru konur. Til samanburðar má benda á að nú skipa konur um 34,9% þingsæta á Íslandi og 33,3% ráðherra landsins eru konur.

Íbúarnir

Samkvæmt síðasta manntali árið 1998 er áætlað að árið 2000 hafi um 23,3 milljónir manna búið í landinu. Að meðaltali eru um 155 íbúar á km². Árið 2000 voru 49,2% íbúanna undir 15 ára aldri. Lífslíkur fólks í Úganda eru aðeins um 44 ár en til samanburðar eru lífslíkur á Íslandi 79,2 ár. Í Úganda fæðir hver kona að meðaltali 7 börn og áætlaður barnadauði árið 2000 var 81 barn af 1000 lifandi fæddum. Af hverjum 100.000 konum deyja 510 konur mæðradauða vegna vandamála á meðgöngu eða í fæðingu í Úganda en aðeins 5 af hverjum 100.000 í Svíþjóð. Á Íslandi dóu fjórar konur mæðradauða á árunum 1990-2001.

Opinbert tungumál í Úganda er enska. Um tveir þriðju hluta íbúa landsins tala tungumál af bantu- og nilotic-stofni, swahili og arabísku. Þjóðflokkum í Úganda er venjulega skipt upp í fjóra meginflokkka sem eru m.a. skilgreindir út frá því af hvaða stofni tungumál þeirra eru. Bantu-þjóðflokkurinn er þar fjölmennastur, en honum má skipta í marga ættbálka: Buganda, Banyankole, Basoga, Bakira, Batoro, Banyoror, Banyarwanda, Bagisu, Bagwere og Bakojo. Bantu-fólkisíða er ættað frá Vestur-Afríku og hefur ráðið mörgum konungsríkjum á því svæði sem nú er kallað Úganda. Búganda var eitt konungsríkja Bantu-fólkssins og



var það voldugasta ríki landsins við komu Breta um miðja 19. öld. Bantu-fólk hefur verið valdameira en aðrir þjóðernishópar í landinu sem má að hluta til rekja til fjölda þeirra og sögu. Fólk, sem talar tungumál af nilotic-stofni, er upprunnið frá Norður-Afríku og skiptist það einnig í marga ættbálka: Lango, Alcholi, Alur, Padhola, Lylya og Jonam. Fólk af Alcholi- og Lango-ættbálkum býr að mestu leyti í norðurhluta landsins. Ættbálkarnir Teso, Karamojong (er búa einnig í norðurhluta landsins), Kumam, Kakwa, Sebei, Pokot, Labwor og Tebeth rekja uppruna sinn til Nílarhamíta-þjóðflokkssins. Að lokum eru það Lugbara-, Madi- og Lendu-ættbálkarnir er teljast til Sudanic-þjóðflokkssins.

Úganda má því kalla fjölmenningsarþjóðfélag og suðupott mismunandi menningar og þjóðernishópa. Auk ólíks uppruna Úgandabúa hafa átök í löndunum í kring haft áhrif á samsetningu þjóðarinnar. Menning landsins ber þess merki að í landinu búa yfir 237.000 flóttamenn. Þar af eru meira en 100.000 frá Súdan. Margir þeirra hafa búið í Úganda um árabil. Margir flóttamenn frá Rúanda, Kongó og Súdan hafa komið til Úganda á flótta undan ófriði og átökum í eigin landi. Í landinu eru uppi áætlanir sem miða

að því að hjálpa flóttamönnum að standa á eigin fótum með því að skapa þeim möguleika til lífsviðurværис. Reynt er að gera fjölskyldum kleift að halda hópinn og hjálpa fólk að samsama sig því samfélagi sem það býr í og vinna úr þeim hörmungum sem það hefur lent í. Vegna stríðsáttaka í landinu sjálfu hefur fjöldi fólks flosnað upp af heimilum sínum og býr í nokkurs konar flóttmannabúðum, eins konar vernduðum þorþum, í eigin landi. Þar sem þetta fólk er frá Úganda og býr innan landamæra landsins telst það ekki til flóttamanna. Talið er að um 29.000 Úgandabúar séu flóttamenn í öðrum löndum. Sameinuðu þjóðirnar hafa áætlað að um 600.000 einstaklingar séu heimilislausir í Úganda í dag.

Nýlendustjórn Breta flutti suður-asíska verkamenn til Úganda til að vinna að gerð járnbrautar milli Úganda og Kenía. Nýlendustjórnin vildi ekki selja þeim land og því snéru þeir sér margir hverjur að viðskiptum. Þeim tókst vel upp og urðu brátt ráðandi í viðskiptalífi landsins. Frá aldamótunum 1900 myndaðist skýr verkaskipting milli þjóðernishópa. Íbúar af asískum uppruna voru mest áberandi í viðskiptum en nýlenduskipanin kom í veg fyrir þátttöku afrískra bænda í viðskiptalífinu með alls kyns reglugerðum.

Aðstæður fólks af asískum uppruna breyttust þó mikið við sjálfstæði landsins árið 1962. Þegar Idi Amin komst til valda notfærði hann sér almenna andúð í garð þeirra í samfélaginu og árið 1972 tilkynnti Amin brottrekstur 90.000 Asíubúa sem bjuggu þá í landinu. Þeim var gert að hverfa á braut hvort sem þeir voru ríkisborgarar eða ekki. Heimili, fyrirtæki og aðrar eignir voru tekin eignarnámi. Brottrekstur þessa hóps markaði upphafið að efnahagslegu hruni í landinu. Sumt af þessu fólk hefur snúið aftur til Úganda og hafið viðskipti á ný. Idi Amin fetaði hér í fótspor Milton Obotes fyrirrennara síns en í fyrri stjórnartíð sinni á sjöunda áratuginum gerði Obote innflytjendur frá Kenía, sem búið höfðu í landinu í yfir hálfa öld, brotræka.

Þrátt fyrir að ólgu í Úganda hafi linnt eftir að



Museveni komst til valda árið 1986 eru enn átök í landinu, mest í norðurhluta þess, milli ríkisstjórnar landsins og Hins kristilega andspyrnuhers (Lord's Resistance Army - LRA) sem hefur notið stuðnings í grannlöndum Úganda, þá sérstaklega Súdan.

Trúarbrögð

Átök vegna trúarbragða eru hluti af sögu Úganda síðasta árhundraðið. Meðal fyrstu Evrópumannanna, sem heimsóttu Úganda og settust þar að, voru lúterskir trúboðar. Bretar og Frakkar tókust á um völd í Afríku sem leiddi til þess að í kjölfar lúterskra trúboða komu kaþólskir hópar og prestar frá Frakklandi. Arabískir verslunarmenn höfðu kynnt Íslam fyrir íbúum landsins um árabil. Árið 1888 hófst trúarbragðastríð í Búganda en Búganda átti síðar eftir að verða hérað í nýlendunni Úganda. Í fyrstu sam einuðust kristnir gegn mú hameðstrúuðum en fljótlega snerust þeir hver gegn öðrum. Trúarbragðastríðum, sem voru í raun pólitísk stríð um yfirráð, lauk með sigri mótmælenda árið 1892.

Í þessum stríðum tengdust stjórnmál og trú á ákveðinn hátt sem ekki þekkist í öðrum hlutum Austur-Afríku. Þessi tenging hélst þegar Úganda varð til og þegar



Okot p'Bitek (1931-1982)

Okot p'Bitek er einn af þekktustu rithöfundum og ljóðskáldum Úganda. Hann var fæddur í Gulu í norðurhluta landsins árið 1931 og lærdi lögfræði og mannfræði við University College of Wales og við Bristolháskóla í Englandi. Hann sneri aftur til Úganda til að kenna við Makerere-háskólann í Kampala og kenndi síðar við Háskólann í Nairobi en einnig við háskóla í Texas og Iowa í Bandaríkjunum. Það ber fjölhæfni hans glöggt vitni að hann skrifði einnig og stjórnaði óperu og lék fótbalta með landsliði Úganda.

Árið 1953 var gefin út fyrsta skáldsaga hans, *Lak Tar eða Hvítatönnin*, þar sem efniviður hans er daglegt líf Alcholi-fólkssins. Hann segir þar frá ungum Alcholi manni sem þarf að vinna fjarri þorpinu sínu til að eiga fyrir brúðarauði. Önnur þekkt verk p'Bitek eru *Song of Okal*, *The Horn of My Love* og *Hare and Hornbill*. Sterkt heimspekilegt ívaf er í verkum p'Bitek. Í þeim reynir hann að skilja tengsl fortíðar og nútíðar og tengsl Afriku við Evrópu og að kanna margvísleg málefni sem tengjast sjálfsmýnd og fjölbreytileika álfunnar.

Úganda fékk sjálfstæði höfðu allir stjórnmálauflokkar landsins trúarlegan bakgrunn.

Í dag er um einn þriðji þjóðarinnar lúterstrúar, annar þriðji kaþólskur og 15-20% íslamstrúar. Aðrir teljast aðhyllast „hefðbundin“ trúarbrögð en þau hafa lifað jafnhliða eingyðistrúarbrögðum og eru nú orðin samofin úgandskri túlkun á kristni og íslamstrú. Í Úganda hefur hver ættbálkur sínar eigin hátiðir og siði. Þannig fylgir t.d. alla jafna kirkjulegt brúðkaup hefðbundnu brúðkaupi. Íbúar hafa á þennan hátt þróað með sér hæfni til að sætta ólíkar menningsarhefðir.


Úganda verður til

Talið er að flestir íbúar þess landsvæðis, sem nú kallast Úganda, hafi verið veiðimenn og safnarar allt fram að sextándu öld. Bantu-fólk flutti frá vesturströnd Afríku og lagði undir sig norður- og miðhluta Úganda. Bantu-fólkið stundadói akuryrkju og þurfti til þess land sem varð til þess að veiðimennska og söfnun lögðust að mestu leyti af.

Með tímanum urðu til miðstýrð, pólitisk kerfi á svæðinu. Í suðurhluta landsins þróuðust konungsríki með flókin, pólitisk kerfi. Norður- og austurhluti landsins voru að mestu leyti byggðir fólk sem hafði hvorki fasta búsetu né miðstýrt ríkisvald. Talið er að fyrir um 250 árum hafi fólk, sem tilheyrði Nílar-hamíta tungumálahópnum, lagt undir sig austurhluta landsins. Þessir hópar stofnuðu ekki konungdæmi og er ástæða þess talin vera sú að Nílar-hamítafólkvið eru hirðingjar, auk þess sem landssvæðið býður ekki upp á ræktun.

Buynoro-Kitara er talið hafa verið fyrsta konungsríkið af mörgum sem stofnað var á þessum svæðum. Búganda er það konungsríki sem tengist mest tilurð Úgandarkisins eins og við þekkjum það nú. Ráðamenn í Búganda stunduðu viðskipti með filabein og þraela fyrir klæði og vopn sem verslunarmenn komu með frá Egyptalandi og Zanzibar. Þessi viðskipti urðu til þess að Búgandarkið varð auðugt.


Líklegt þykir að fyrstu Evrópumennirnir, er komu til þess svæðis sem nú heitir Úganda, hafi komið upp úr



miðri 18. öld. Þýskir trúboðar sendu skýrslur heim til Evrópu þar sem sagt var frá hinum miklu vötnum landsins og snaeviþöktum fjöllum. Árið 1857 lögðu landkönnuðir í sinn fyrsta leiðangur til landsins undir stjórn Richard Francis Burton en hann vann þar fyrir arabísku þrælakaupmenn sem lengi höfðu stundað viðskipti við innlenda höfðingja. John Hannig Speke var með í þessum leiðangri. Hann kom aftur til landsins árið 1862 með Hames Agustus Grant og staðfestu þeir í þeirri ferð kenningar Spekes um upptök Nílar. Speke og Grant ferðuðust upp Nílarbakka til norðurs í gegnum konungsríkin Búganda, Karagwe og Bunyoro. Lýsingar frá þessum leiðöngrum eru mikilvægar, sögulegar heimildir um sögu svæðisins. Þar kemur t.d. í ljós að þáverandi konungur Búganda, Mutesa, hafi verið þritugasti konungur ríkisins en það gefur til kynna að konungsríkið Búganda hafi verið við lýði frá upphafi 16. aldar. Margir landkönnuðir komu til landsins og er frægastur þeirra líklega David Livingstone. Það voru þó hjónin Samuel og Florence Baker sem voru hvað ötulust að kynna Úganda fyrir evrópskum almenningi með ritum sínum.

Búgandamenn tóku vel á móti breskum trúboðum og landkönnuðum sem komu til landsins og þar með hófust fyrir alvöru samskipti á milli þjóðanna og nýr tími í sögu landsins þar sem trú, þjóðerni og stjórnmál tvinnuðust saman á einstakan hátt. Bæði Bretar og Þjóðverjar gerðu síðar kröfur til svæðisins. Samningur, þar sem Þjóðverjar létu af kröfum sínum í skiptum fyrir aðgang að öðrum nýlendum Bretta í Afríku, var gerður árið 1886.

Árið 1891 skrifaði konungur Búganda undir sáttmála við aðila frá breska Austur-Afríkufélaginu sem gaf Bretum leyfi til að stjórna innanríkismálum í landinu gegn því að Bretar viðurkenndu hann sem konung. Með Búganda sem miðstöð hófu Bretar að ná undir sig nærliggjandi svæðum, sums staðar með sáttmálum og annars staðar með valdi. Það svæði, sem þeir náðu yfirráðum yfir, var svo nefnt Úganda. Verndarsvæðið var stofnað 18. júní 1894 og þar með varð til ný eining í stjórnmálalegu tilliti.




Nýlendutíminn

Frá upphafi stjórnartíðar Bretta höfðu Búgandamenn sérstaka stöðu innan Úganda. Bretar komu á stjórn í anda þeirra konungdæma er voru fyrir í landinu þegar þeir komu þangað. Í tilfelli Úganda var þessi stjórnarskipan skiljanleg Búgandamönnum en ekki fólkí úr öðrum héruðum landsins, sérstaklega ekki í norðri og austri þar sem félagsgerð og stjórnun höfðu verið með allt öðrum hætti. Bretar vildu eitt kerfi og ákváðu að taka upp það kerfi sem Búgandamenn þekktu best. Búgandamenn voru einnig valdir til stjórnunarstarfa um allt landið. Búgandamenn töldu sig fremsta meðal jafningja en öðrum var misboðið. Má hér sjá upphaf að misklíð og valdastríði sem átti eftir að blossa upp eftir að landið fékk sjálfstæði. Úgandski sagnfræðingurinn Phares Mutibwa hefur bent á að þær hörmungar, sem hafa dunið yfir úgöndsku þjóðina, hafi ekki byrjað með tilkomu evrópskra nýlenduherra heldur við brothvarf þeirra á sjöunda áratugnum.

Bretar stjórnuðu nýlendunni Úganda með „óbeinni stjórnun“. Úgandabúar sáu sjálfir um daglega stjórnun nýlendunnar. Bretar kusu að fela þessa stjórnun í hendur fólkí af búgöndskum uppruna. Fyrsta stjórnin, sem var undanfari þjóðþings, var einungis skipuð nýlenduherrum frá stofnun og allt til ársins 1920. Fyrsti afríski þingmaðurinn tók þar sæti árið 1945.

Í Úganda var strax á nýlendutímanum tekin upp landbúnaðarstefna þar sem Afríkubúar, frekar en hvítir, höfðu aðgang að landi til ræktunar. Frjósamur jarðvegur í suðurhluta landsins var vel til þess fallinn að rækta korn, bómull og kaffi sem var aðalútflutningsvara landsins. Auður Búgandafólksins jókst og notuðu margir hverjir hagnað sinn til að mennta börn sín. Til varð menntaður úrvvalshópur Búgandafólks sem stofnaði meðal annars Félag ungra Búgandamanna (Young Baganda Association), einn af þeim pólitísku flokkum er tókust á um völdin í landinu við lok nýlendustjórnarinnar. Það fór að bera á fleiri slíkum félögum ásamt öðrum opinberum þjóðernisflokkum



á sjötta áratug 20. aldarinnar. Þessi félög og flokkar voru fyrst og fremst skilgreindir út frá þjóðerni. Þegar Bretar yfиргáfu Indland og þjóðernishreyfingar tóku að eflast um alla Afríku við lok sjötta áratugarins fóru Úgandabúar að krefjast sjálfstæðis og var þessi flokkamynundun hluti af sjálfstæðisferlinu.

Á þessum tíma er Úganda betur lýst sem landi en þjóð þar sem ekki var til staðar félagsleg eining meðal íbúa landsins. Búgandafólk hafði notið sérstakrar stöðu í skjóli nýlendustjórnarinnar en þegar dró að sjálfstæðisstofnum inni varð markmið Bretra sýnilegra en það var að setja vald-ið í hendur þjóðþings sem byggðist á sameinuðu ríki ólkra þjóðarbrota. Búgandamenn voru ákveðnir í að staðfesta rétt sinn sem konungsveldi. Árið 1960, tveimur árum áður en Úganda varð sjálfstætt, lýsti Búganda yfir sjálfstæði sínu. Þau pólitísku átök, sem áttu sér stað á þessum tíma, mörkuðu upphafið að átakasögu næstu áratuga.

Þrátt fyrir fyrirgreiðslu á ákveðnum sviðum neituðu Bretar Búgandafólki um að gegna löggæslu eða hermennsku. Til að halda yfrráðum sínum völdu Bretar ómenntaða menn til herþjónustu sem flestir voru úr norður- og austurhluta landsins. Eftir sjálfstæðisstofnunina kom hernaðarreynsla norðanmannna í ljós þegar valdastríð milli þjóðflokkja, ættbálka og einstaklinga skall á.

Sjálfstætt Úganda og borgarastríð

Úganda fékk sjálfstæði 9. október 1962. Íbúar landsins skiptust í hópa út frá þjóðflokkum, ættbálkum og trúarbrögðum og á grundvelli stuðnings við nýlendustjórnina eða þjóðarflokkana sem kröfðust sjálfstæðis. Mesta gjáin var milli þegna fyrrum konungsríkis Búganda og þeirra er studdu nýja ríkisstjórn landsins sem var undir stjórn Milton Obot-es, fyrsta forsætisráðherra hins sjálfstæða lands. Í raun var hægt að tala um tvö ríki í einu landi. Þrátt fyrir að stjórnarskráin væri skilgreind sem stjórnarskrá sambandsríkis fóru Búgandamenn í raun með með öll völd í landinu. Ríkisstjórn Búganda réð yfir opinberri þjónustu og sveitarstjórnunum og hafði sitt eigið skatt- og dómskerfi.


Innan fjögurra ára frá sjálfstæðisstofnuninni hafði Úg-

anda orðið fyrir miklum pólitískum og efnahagslegum hörmungum. Árið 1966 gerði hluti af stjórnarandstöðu landsins rannsókn á störfum Obotes og hershöfðingja hans, Idis Amins Dada. Þeir voru sakaðir um smygl á gulli og filabeini. Obote hóf markvissar aðgerðir gegn andstæðingum sínum. Fimm ráðherrar voru handteknir, forsetastóllinn afnuminn og Amin réðst á höll Kabaka, konungs Búganda. Þetta var fyrsta stóra blóðbaðið í sögu sjálfstæðs Úganda. Talið er að nærrí 2000 manns hafi látið lífið. Í nýrri stjórnarskrá Obotes var konungsríkið Búganda leyst upp, svæðisbundin völd minnkuð og nýtt framkvæmdavalð sett á laggirnar. Nýtt forsetaembætti var stofnað og settist Obote sjálfur í það.

Obote var talsmaður afríks sósíalisma og jók völd sín enn frekar með því að þjóðnýta öll viðskipti. Vinstristefna Obotes var mörgum vestrænum ríkjum áhyggjuefni og töldu þau að stjórnarfarslegra breytinga væri þörf. Í upphafi áttunda áratugarins var brestur kominn í samstarf þeirra Obotes og Amins. Obote var að missa völdin en vinsældir Amin jukust. Amin tók völdin þann 24. janúar 1971 þegar Obote var staddir erlendis. Obote var í útlegð í Tansaníu þar til Amin sjálfur var settur af löngu síðar.

Í upphafi var vel tekið á móti Amin. Vesturveldin litu á hann sem bandamann í baráttunni gegn kommúnisma og íbúar Kampala fögnuðu honum sem frelsara. Amin hreif með sér fjöldann sem vonaðist til að breyting yrði á stjórnarháttum frá einræði Obotes. En ógnarstjórn, grimmd, spilling og óstöðugleiki stjórnar Amins varð brátt þekkt um allan heim. Fljótlega hóf Amin að hreinsa í burtu þá sem hann skilgreindi sem óvini sína, t.d. meðlimi hersins er hann taldi styðja Obote. Á næstu árum voru innviðir ríkisstjórnarinnar smám saman eyðilagðir. Þjóðþingið var afnumið. Ríkisstjórnin notaði fylkisstjórnirnar sem eftirlitstæki til að fylgjast með andstæðingum sínum. Hið opinbera kerfi hrundi og margir flúðu land.

Um miðjan sjötta áratug 20. aldarinnar kom fjöldi Ísraela til Úganda. Í fyrstu komu Ísraelar mest að þjálfun her-



og lögreglumanna en síðar fóru þeir að taka þátt í uppgengingu skóla, vegakerfis og heilsugæslu. Eftir rúmt ár á valdastóli hafði Amin fengið nóg af Ísraelunum og rak þá úr landi undir því yfirskini að þeir væru ógn við öryggi landsins og vera þeirra stuðlaði að eyðileggingu hagkerfisins. Sögur herma að ástæðan hafi verið sú að Ísraelar hafi krafist greiðslu fyrir aðstoð sína sem Amin hafi ekki getað innt af hendi. Mikilvægust er líklega sú staðreynd að Ísraelar, rétt eins og Bretar og Vestur-Íjóðverjar, neituðu að selja Amin það magn af vopnum sem hann vildi. Amin hóf þá að semja við araba um vopn. Til að öðlast traust þeirra varð Amin að slíta tengslin við Ísrael og því sendi hann Ísraela á brott. Í þessu samhengi hófst samvirna Amins og Gaddafís Líbíuforseta. Nokkrum mánuðum síðar rak Amin einnig alla íbúa af asískum uppruna úr landinu. Ástæða þess er að hluta til talin vera sú að Amin hafi verið að hefna sín á Bretum. Margir þeirra sem hann gerði útlæga höfdu bresk ríkisborgararéttindi og flúðu til Bretlands. Amin sjálfur sagðist hafa fengið guðlega vitrun en í raun var brottrekstur Ísraelanna og fólks af asískum uppruna hluti af pólitísku valdatafli. Amin hélt hylli tímabundið í Úganda þar sem mörgum var í nöp við fólk af asískum uppruna og hann samdi við araba um stuðning og vopn. Alþjóðasamfélagið létt stjórnarhætti Amins að mestu afskiptalausa þar til hann rak asíkska íbúa landsins á brott.

Árið 1972 gerði um þúsund manna her misheppnaða tilraun til valdaráns. Í upphafi árs 1973 voru stjórnunarhættir Amins farnir að einkennast af æ meira ofbeldi og ofssóknaræði þar sem þeir sem grunaðir voru um andstöðu voru vægðarlaust dreppni. Amin hafði enn nokkurn stuðning almennings þótt samstarfsmenn hans væru sumir hverjir orðnir efins um getu Amins til að stjórna. Margir þeirra flúðu land og gagnrýndu þaðan stjórnarhætti hans. Til að halda stuðningi arabahirmsins skilgreindi Amin Úganda sem íslamskt ríki þrátt fyrir að meirihluti íbúa þess væri kristinn. Ástandið var óstöðugt og margar tilraunir til valdaráns voru gerðar á næstu árum.

Árið 1975 setti Idi Amin sjálfan sig sem „forseta fyrir lífstið“.

Um miðjan áttunda áratuginn var Amin farinn að taka



aukinn þátt í alþjóðastarfí. Það ríkti nokkurs konar friður í landinu frá miðju ári 1975 til miðs árs 1976 þegar Amin tilkynnti innrás í Kenía sem hann síðar hætti við. Sama ár tók Amin málstað hryðjuverkamanna sem höfðu stolið ísrael-skri flugvél. Ísraelar réðust inn í landið og frelsuðu gíslana. Þetta var mikil niðurlæging fyrir Amin og margar sögur eru til af tilefnislausu ofbeldi gagnvart borgurum frá þessum tíma. Það var t.a.m. hættulegt að hlæja á götum úti þar sem það gat verið túlkað þannig að viðkomandi væri að hlæja að yfirvöldum og Amin sjálfum vegna árásarinnar.

Amin réðost inn í Tansaníu síðla árs 1977. Upp úr því fór Amin að missa tökin heima fyrir, sérstaklega á hernum og yfirmönnum hans. Hann réðost svo aftur inn í Tansaníu í október 1978 en Tansaníumenn og úgandskir andstæðingar Amins nýttu sér veika stöðu hans og réðust inn í höfuðborgina Kampala í apríl 1979. Amin og menn hans flúðu borgina. Valdatið Idis Amins Dada var lokið. Hann flúði til Lísbú og þaðan til Sádi-Arabíu þar sem hann býr í útlegð.

Eftir að Amin var steypt af stóli vonuðust menn til að tími friðar og efnahagslegrar uppbyggingar tæki við. Því miður átti eftir að ríkja óstjórn í sjö löng ár enn. Í hugum margra Úgandamanna voru þessi ár jafnvel þau verstu frá

upphafi sjálfstæðis.

Milton Obote sór forsetaeið í annað sinn þann 15. desember 1980. Ósaetti var með úrslit kosninganna og hörð gagnrýni kom fram á réttmaeti stjórnar Obotes. Heyra mátti rödd Yoweris Musevenis, núverandi forseta landsins, í þessum óánægjukór. Museveni var meðlimur og stofnandi Hins þjóðlega andspyrnuhers (NRA) sem hélt úti skæruhernaði gegn ríkisstjórn Obotes. Stjórnin reyndi að kveða niður andspyrnu með blóðugri herferð sem talsmenn Rauða krossins telja að hafi kostað um 300.000 manns lífið og að álíka margir hafi flúið land.

Mestur tími Obotes fór í að halda völdum og nánast allar tilraunir til efnahagslegra umbóta misheppnuðust. Alþjóðabankinn setti ríkisstjórninni strangar reglur vegna lána sem efnahagskerfið þoldi ekki. Verðbólgan fór fram úr öllu hófi og nauðsynjar tók að vanta. Bazilio Okello, sem tók við völdum 27. janúar 1985, bolaði Obote frá völdum með hervaldi. Tilraunir Okellos til að stjórnna landinu mistókust og skæruhernaður Hins þjóðlega andspyrnuhers færðist æ



Börn í hernaði

Þessum frásögnum var safnað saman af Oxfam, sem eru bresk samtök sem vinna að þróunarmálum. Þær endurspeglar berlega þær hörmungar sem úgandska þjóðin hefur þurft að þola vegna hernaðar LRA.

Saga Jacks:

Ég var tekin 1995 þegar ég var tíu ára. Við bjuggum í 18 kilómetra fjarlægð frá Kitgum í Acholibur. Við vorum sofandi þegar þeir komu. Við vorum þrjú sem vorum tekin. Við vorum bundin eins og þrælar eftir að við náðumst. Ég var meðal uppreisnarmannana í eitt ár og átta mánuði áður en mér tókst að flýja. Fyrst var farið með okkur til Súdans til þjálfunar og eftir tveggja til brigga mánaða þjálfun var mér fengin byssa. Pá vorum við send til Kitgum-svæðisins og þar lærdum við að nota vopnini. Þeir skildu okkur eftir matarlaus og við þurftum að ná okkur í mat í þorpunum. Við vorum 20 í hópnum. Við höfðum samskipti við aðra hópa í gegnum talstöð.

Ég þorði ekki að flýja. Ég hefði verið dreppinn ef náðst hefði til míni. Ég sá mörg börn dreppin. Pau voru dreppin með sveðjuhöggum í höfuðið. Það var alltaf að gerast. Þeir láta börn drepa önnur börn. Ég varð að drepa önnur börn, annars hefðu þeir drepið mig.

Nú er ég búinn að gleyma þessu öllu saman. Mig langar til að gleyma. Í hugum uppreisnarmannanna eru byssur af hinu góða. Þær hræða fólk. Ég trúði því sama meðan á þessu stóð. Nú tel ég að vopn séu frekar til vandræða en til að leysa málín.

Markmið uppreisnarmannanna með því að taka fólk, börn, til fanga er að fjölga í herliði sínu. Þeir vilja eyðileggja eignir fólks. Stundum var okkur skipað að deyða fólk, stundum ekki. Það breyttist í hverri för. Okkur var sagt að við værum vernduð og að ekkert illt gæti hent okkur.



Saga Söru:

Ég var tekin 1994 þegar ég var 13 ára. Ég var heima hjá mér í Wol. Við vorum sjö sem vorum tekin, fjórir strákar og þrjár stelpur. Ég var í tvö ár meðal uppreisnarmannanna.

Þeir komu að nótta til. Þeir bónkuðu á hurðina. Þrjú okkar voru sofandi. Þeir sögðu okkur að koma út. Við gengum út. Við vorum hrædd. Við vissum að þetta hlytu að vera uppreisnarmennirnir. Ég sagði: „Ég fer hvergi, ég ætla að vera hér.“ Þeir sögðust drepa mig ef ég kæmi ekki með þeim. Maðurinn talaði eðlilega, hann óskraði ekki. Ég vissi að þetta var satt.

Faði minn kom út en hann gat einungis horft aðgerðarlaus á. Hann grét míni vegna. Hann þurfti að horfa hjálparvana á brott-nám okkar.

Við gengum með þungar byrðar alla nóttnina án þess að hvílast og gengum áfram næsta dag. Einn strákur reyndi að flyja en þeir náðu honum auðveldilega. Þeir komu með hann grátandi til baka. Þeir létu okkur horfa á þegar þeir skutu hann í höfuðið. Eftir um vikutíma var ég orðin „kona“ eins af hermönnum. Það eru örög stúknanna. Við fórum til Súdans þar sem við vorum þjálfuð. Að lokum fékk ég einkennisbúning og vopn. Okkur var skipt upp í um

20 fimmtán manna lið, allt stelpur. Við vorum sendar í herferðir til Kitgum. Við þurftum að útvega okkur mat sjálfar. Kony kom og ávarp-aði herflökkanum sem voru að fara til baka til Úganda. Þeir yngstu áttu að horfa niður, máttu ekki horfa á hann. Þú þarft að hlýða orðum Andans. Andinn gæti t.d. sagt: „Þú mátt ekki drepa neinar hærur í þrjár vikur. Eftir þrjár vikur þegar þú ferð að drepa kjúklinga þá getur þú farið að drepa fólk.“

Ég slapp í einni herferðinni. Okkur var sagt að fara á markaðstorgið og ná í mat, fé og börn. Ég var með vinum mínum. Þeir sögðu: „Við skulum flyja í dag, Sara.“ Ég sagði: „Nei, ég þekki ekki þetta svæði.“ Ég taldi vini mína að bíða þangað til við kæmumst á annað svæði sem ég þekkti. Að lokum komust einungis þrjú okkar í burtu. Aðrir sögðust ekki vilja fara því að for-elstrar þeirra væru ekki þarna, þeir væru látnir. Uppreisnarmennirnir drepa foreldrana svo að börnin flýi ekki heim til þeirra.




nær höfuðborginni Kampala.

Eftir margra ára skæruhernað tók Yoweri Kaguta Museveni við völdum sem forseti Úganda 29. janúar 1986. Undir stjórn Musevenis hefur verið unnið að langtíma markmiðum þar sem áhersla er lögð á efnahagsmál, menntamál og heilbrigðismál. Umsvif hersins hafa verið minnkuð til muna og er nú um 50.000 manna her í landinu.

Þrátt fyrir hinar ýmsu félagslegu og stjórnskipunarlegu breytingar sem ríkisstjórn Musevenis hefur staðið fyrir eru enn virkir andspyrnuhópar í landinu, mest í norðurhluta þess. Hinn kristilegi andspyrnuher (LRA), undir stjórn Josephs Konys, er einn þeirra og hefur hann verið í stríði við ríkisstjórn Úganda frá því snemma á níunda áratug 20. aldarinnar. Stríðið hefur að mestu verið háð í norðurhluta landsins og hafa meðlimir LRA gengið fram með mannránum, þjófnaði og árásum. Bein átök við her Úganda eru sjaldgæf. LRA virðist ekki hafa neina opinbera stjórmálastefnu í andstöðu sinni við ríkisstjórnina. Upphaflegt markmið samtakanna var að stofna kristið ríki.

Á því svæði, þar sem LRA hefur sótt að hvað fastast, er hagkerfið í miklu ójafnvægi og um þrír fjórðu hlutar íbúanna, um ein milljón manna, búa í flóttamannabúðum sem kallaðar eru „vernduð þorp“. Tugir þúsunda annarra hafa flosnað upp af heimilum sínum. Flest öll þjónusta ríkisstjórnarinnar á þessum svæðum er í lamasessi og sú sem er fyrir hendi er mestmagnis í höndum sjálfbóðaliðasamtaka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa ekki borið árangur og enn geisa stríð í norðri. Evrópuráðið hefur fordæmt LRA fyrir rán og misþyrmingar á börnum frá Norður-Úganda og hugleitt bann við starfsemi samtakanna í Evrópu.

Árásir LRA beinast að almenningi. Meðlimir hersins ráðast inn í skóla, heilsugæslustöðvar og á vegfarendur. Vonleysi og örvænting eru einkennandi eftir svo langvarandi stríðsátök. Fólk sér ekki fram á breytingar og margir reyna að flytja frá svæðinu eða senda börn sín annað til að vernda þau og mennta. Börn og foreldrar lifa við stöðugan ótta um brotnám í norðurhluta landsins. Talið er að yfir 20.000 börn og fullorðnir hafi verið numdir á brott. Bæði kynin eru þjálfuð til hernaðar og stúlkur og konur eru



beittar kynferðislegu ofbeldi og þær neyddar til að vera fylgikonur hermanna.

Friðarviðræður milli forystumanna LRA og trúarleiðtoga Alcholi-ættbálksins áttu sér stað í júlí 2002. Meðlimir LRA ítrekuðu á þeim fundum að andstaða þeirra beinist gegn ríkisstjórninni. Ein af meginkröfum LRA-friðarnefndarinnar er að samfélagsleg aðlögun meira en 10.000 manna herliðs þeirra verði tryggð. Skriður komst á friðarviðræður milli ríkisstjórnar Musevenis og LRA árið 2002.

Kosningar og lýðræðispróun

Þegar landið fékk sjálfstæði var lögð fram ný stjórnarskrá sem var byggð á lýðræðislegri stjórnskipan. Unnið var eftir henni fyrstu fjögur árin eftir að Úganda fékk sjálfstæði. Þegar Obote tók völdin 1966 setti hann landinu nýja stjórnarskrá þar sem ráðherrar voru tilnefndir af þjóðarráði sem kosið var á fimm ára fresti. Stjórnarfari í landinu einkenndist af herstjórn og einveldi frá 1966 til 1986.

Þrátt fyrir að Museveni kæmist til valda 1986 var það ekki fyrr en árið 1994 að sett var á laggirnar nefnd til að semja nýja stjórnarskrá sem tók síðan gildi 1995. Í þjóðarráði landsins eru 305 fulltrúar, þar af eru 214 kosnir. Formlegar forseta- og þingkosningar samkvæmt nýrri stjórnarskrá voru haldnar 1996, tíu árum eftir að stjórnartíð Musevenis hófst. Museveni telur að fjölflokkakerfi muni endurvekja þjóðernisdeilur og því er starfsemi stjórnsmálaflokkka bönnuð í landinu. Árið 2000 var þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort breyta skyldi yfir í fjölflokkakerfi. Meira en helmingur kjósenda hafnaði því. Museveni var endurkosinn í mars 2001 til að gegna þriðja, og líklega síðasta, fimm ára kjörtímabili sínu. Yfirvöld voru ásökuð um kosningafölsun. Í júní sama ár var svo ný ríkisstjórn kosin. Allir þeir sem bjóða sig fram gera það sem einstaklingar undir nafni Hreyfingarinnar (NRM). Hreyfingin hefur boðað til fundar í mars 2003 til fjalla um hvort breyta skuli yfir í fjölflokkakerfi fyrir næstu kosningar árið 2006.

Andstæðingur Musevenis í þessum síðustu forsetakosningum var Kizza Besygje sem nú er í útlegð í Suður-Afríku. Takmarkanir Hreyfingarinnar komu berlega í ljós í þessum kosningum þar sem ríkið og stofnanir þess voru óspart notuð til að brjóta andstæðinga Musevenis forseta á bak aftur.

Hart hefur verið deilt á „einsflokkakerfi“ Musevenis. Gagnrýnendur Musevenis telja að stjórnunarstíll hans sé í anda einræðis og að hann hafi komið sér og stjórn sinni örugglega fyrir með fölsuðum kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum. Museveni hefur m.a. svarað þessari gagnrýni í bók sem hann skrifaði um þau vandamál sem íbúar og lönd Afríku standa frammi fyrir við upphaf 21. aldarinnar.



Hann telur að viðtekin skilgreining á lýðræði sé vestræn og henti jafnan ekki þjóðfélögum í öðrum hlutum heimsins. Hann segir að allir þrái frið, fæði og skjól auk þess að vera meðlimir samfélags. En þegar félagsgerð samfélaga hafi verið lögð í rúst með hernaði, borgarastríði, ofbeldi og efnahagshruni sé ekki hægt að ætlast til þess að ný, lýðræðisleg samfélagsgerð verði til á einni nótta. Það þurfi að gefa lýðræði tíma til að þróast út frá þeim forsendum sem eru til staðar í hverju samfélagi fyrir sig. Þannig hafi ferlið verið í Evrópu og Norður-Ameríku. Eins minnar hann á að lýðræðisþróun þessa hluta heimsins hafi meðal annars byggst á nýlendustefnunni sem er ekki lýðræðislegt fyrirbæri. Museveni heldur því fram að hin nýju, sjálfstæðu ríki Afríku hafi verið og séu enn fórnarlömb frekar en þáttakendur í alþjóðlegu efnahagskerfi sem bitni á efnahag landanna og á menntun og hæfni íbúa álfunnar. Museveni telur að tími sé kominn til að Afríkubúar móti stjórnarfari og leiðir til lýðræðis sem þjóni þeim út frá þeirra eigin aðstæðum, þörfum og menningu. Að litid sé á frelsi, lýðræði og efnahagslega velferð sem eina heild og hún lögð til grundvallar stjórnarfari.

Margt má gagnrýna við stjórnarhætti Musevenis og rík-

isstjórnar hans. Þeim til hróss má minna á að þeim hefur tekist að koma á nokkurs konar friðartínum í landinu, þeim lengstu frá sjálfstæði þess. Stöðugleiki hefur haldist og efnahagskerfið verið byggt upp. Í Úganda er nú ein mesta hagvaxtaraukning í Afríku. Þessir þættir hafa haft sitt að segja við að bæta stöðu landsins gagnvart erlendum alþjóða- og hjálparstofnunum, sem og fjárfestum. Eins hafa áhrif Úganda aukist í málefnum Austur- og Mið-Afríku.

Úgandski sagnfræðingurinn Phares Mutibwa leggur áherslu á að þrátt fyrir að sögu Úganda og stjórnmála-ástand þar megi að mörgu leyti útskýra með vísun í utanað-komandi áhrif, efnahagsleg og pólitisk, megi ekki gleyma ábyrgð þjóðarinnar sjálfrar. Vanþróun landsins, sem að mörgu leyti er afleiðing nýlendustefnunnar, hafi opnað mönnum eins og Amin og Obote leið til að ná völdum. En það var líka úgandskt samfélag sem skapaði þessa menn og studdi þá til valda.

Samskipti við grannríki og önnur ríki

Úganda átti góð samskipti við nágrennaríki sín, Kenía og Tansaníu, á nýlendutímanum og þau héldust þegar ríkin urðu sjálfstæð. Þessi þrjú ríki stofnuðu Austur-afríksa sam-bandíð (EAC) árið 1967 með það að leiðarljósi að stofna ríkjasamband. Pessari samvinnu lauk árið 1977, meðal annars vegna stjórnarháttar Amins. Kostir samvinnu voru þó ljósir og árið 1999 hófu löndin samvinnu á ný.

Tengsl eru milli Tútsí-manna í Rúanda og milli Banyarwanda-fólksins í suðvesturhluta Úganda. Margir Tútsar voru í Hinum þjóðlega andspyrnunar, t.d. núverandi forseti Rúanda, Paul Kagame. En hann og menn hans hröktu síðustu ríkisstjórn Rúanda frá völdum með aðstoð Úgandamanna og sóttu frá Úganda. Í ágúst 1998 ákváðu ríkisstjórnir Úganda og Rúanda að styðja við uppreisnarmenn í andstöðu við Laurent Kabila, forseta Kongós,

Tölur um fjarskipti (2000)


| | Úganda | Ísland |
|---------------------------------------|--------|--------|
| <i>Símalínur (á 1.000 íbúa)</i> | 3 | 701 |
| <i>Farsímanotendur (á 1.000 íbúa)</i> | 8 | 783 |

| | |
|--|-------------------------|
| <i>Lifsgæði samkvæmt HDI (Human Development Index)</i> | |
| <i>Úganda:</i> | <i>150. sæti af 173</i> |
| <i>Ísland:</i> | <i>7. sæti af 173</i> |

með því að senda þangað herlið. Opinber ástæða Rúanda og Úganda fyrir innrásinni í Kongó var ætlun þeirra að bjarga Tútsí-fólki sem búsett var í austurhluta Kongós frá svipuðum örlögum og Tútsí-fólkið í Rúanda mátti þola. Eins segja talsmenn Úganda að þeir hafi verið að verja landamæri sín og koma á friði í landamærahéruðum Úganda og Kongós. Misjafnar skoðanir eru á réttmæti hernáðarfhlutunar Úganda í Kongó. Litlu munaði að átök milli Rúanda og Úganda hæfust í árslok 2001 vegna ósættis við framkvæmd hernaðarins í Kongó. Friðarviðræður fóru fram undir stjórn Bretta og sættir tókust þótt enn ríki töluverð tortryggni milli þessara fyrrum bandamanna.

Borgarastríðið í Súdan hefur einnig haft áhrif í Úganda. Flóttamenn hafa flúið til landsins. Ríkisstjórn Úganda hefur stutt Frelisher Súdans en Súdanar hafa aftur á móti

stutt Hinn kristilega andspyrnuherr (LRA) í Úganda. Diplómatískum samskiptum þjóðanna var rift 1995. Nýr samningur var gerður 1999 og hefur hvor þjóð lofað að láta af stuðningi við uppreisnarmenn í hinu landinu. Súdanar hafa aðstoðað við afvopnun LRA og hleyptu þeir her Úganda inn í Suður-Súdan á eftir Kony árið 2002. Þetta hefur valdið usla í herbúðum hans. Eins hefur her Súdana tekið að sér að eyðileggja herbúðir LRA. Mikil pressa er á LRA að gefast upp og friðarlíkur hafa aukist í kjölfar þessara aðgerða. Úganda og Súdan hafa tekið upp stjórnmálasamband á ný og er unnið að því að opna sendiráð í þessum löndum.



Kvennahreyfingar

Kvennahreyfingar hafa lengi verið áhrifamiklar í Úganda. Þær þjónuðu mikilvægu hlutverki á nýlendutímanum en fengu aukið vægi í sjálfstæðu Úganda undir stjórn Milton Obotes á árunum 1962-1971 en hreyfingunum var svo haldið niðri á valdatíma Idis Amins.

Kvennahreyfingar urðu aftur áberandi í seinni stjórnartíð Obotes á árunum 1980-1985 en mikilvægi þeirra og áhrif fóru mjög vaxandi þegar Hreyfingin (NRM) komst til valda árið 1986 sem fól í sér aukinn stöðugleika í öllu landinu.

Kvennahreyfingar hafa m.a. undirstrikað við Hreyfinguna að koma konum í lykilembætti í stjórnsýslu og má í því samhengi nefna að Úganda var fyrsta ríki Afríku þar sem kona varð varaforseti. Dr. Speciosa Wandira Kazibwe var fyrst kosin varaforseti árið 1994. Hún tók aftur við því embætti 9. júlí 2002. Auk þessa embættis var hún iðnaðarráðherra á árunum 1989-1991. Hún hefur gegnt embætti ráðherra kynja- og samfélagsmála og ráðherra landbúnaðar- og sjávarútvegsmála. Dr. Kazibwe er menntaður skurðlæknir frá Makaree-háskólanum í Kampala.

Jafna stöðu kynjanna, miðað við mörg önnur ríki heimsins, má einnig sjá á því að Úganda er eitt af leiðandi ríkjum Afríku að því er varðar fjöldi fulltrúa kvenna í mikilvægum embættum í stjórnsýslu. Kvennahreyfingar í landinu hafa vakið athygli fyrir áherslu sína á að draga saman hópa af ólíku þjóðerni og trúarbrögðum.

Á heimasiðu kvennahreyfinga í Úganda (<http://www.woungnet.org>) er listi yfir meira en 50 kvennahreyfingar í landinu og krækjur yfir á heimasiður þeirra. Hreyfingarnar vinna að ólíkum baráttumálum auk þess að veita upplýsingar um jafnréttismál og tengsl kvenna við landbúnað, viðskipti, menntun, heilsu o.fl. Heimasiðunni er haldið úti af samtökunum Women of Uganda Network og er markmið

þeirra að þróa notkunupplýsinga- og sam-skiptatækni meðal kvenna til að deila upplýsingum og taka sam-eiginlega á málefnum.



Jafnrétti kynjanna

Þátttaka hins almenna borgara í stjórnun og ákvarðanatöku er eitt megininntak stefnu Musevenis og stjórnar hans. Þátttaka kvenna er hér engin undantekning og er þriðjungur starfa við stjórnun hjá sveitarfélögum og sveitarstjórnnum frátekinn fyrir konur. Þessi aðgerð hefur leitt til aukinna áhrifa kvenna í sveitarstjórnar- og landsmálum. Það eru mun fleiri konur á þingi í Úganda, 24,7%, en að meðaltali í öðrum ríkjum Afríku. Aðrir hagsmunahópar hafa einnig ákveðinn fjölda sæta á þingi, t.d. fatlaðir og ungt fólk.

Prátt fyrir þessa staðreynd gætir tvíræðni í samskiptum kvenna og flokks Musevenis. Konur eru sáttar við það sjálfstæði sem Hreyfingin (NRM) hefur fært þeim og þann frið og stöðugleika sem rákt hefur síðan ríkisstjórnin tók við völdum. Það er þó ljóst að Hreyfingin notar þetta kerfi til að tryggja völd sín og hamla starfsemi annarra hreyfinga, þar með talið kvennahreyfinga.

Konur börðust við hlið karla og voru áberandi í frelsistríðinu. Það hefur gefið þeim möguleika á að krefjast valda innan núverandi stjórnkerfis. Konum hefur þó ekki tekist að koma í gegnum þingið tveim baráttumálum sem mest brenna á alþýðukonum. Annars vegar er það réttur kvenna til tilkalls og erfða lands til jafns á við bræður sína og karlkyns ættingja og hins vegar barátta fyrir styrkari stöðu kvenna í hjónabandi. Núverandi löggjöf gerir ekki ráð fyrir sameiginlegum fjárhag hjóna og eru konur oft reknar slyppar og snauðar af heimilum sínum. Frumvarp um réttindi og skyldur hjóna liggur enn á ný fyrir á landsþingi til samþykktar.

Almenn verkaskipting meðal flestra samfélagshópa í Úganda er að konur bera ábyrgð á heimilisstörfum og störfum, tengdum heimilum, t.d. sjálfsþurftarbúskap. Karlar eru þó taldir höfuð heimilisins og eru fjármál og ákvarðanataka alla jafna í þeirra umsjá. Verkaskipting kynjanna byrjar snemma og algengt er að fimm ára stúlkur aðstoði mæður sínar við heimilisstörf en 10 ára stúlkur eru taldar til fullorðinna sem vinnuáfl. Drengir hafa almennt færri skyldum að gegna. Öflun eldiviðar og vatns eru þau heimilisstörf sem drengir eru líklegastir til að aðstoða við.

Upphaf þéttbýlismyndunar hafði áhrif á fjölskyldu- og

kynbundna hlutverkaskipan. Bresku nýlenduherrarnir lögðu áherslu á að konur ættu fyrst og fremst að vera eiginkonur og mæður. Reglur voru um þátttöku þeirra á opinberum sviðum samfélagsins. Konur, sem virtu ekki þær reglur, voru jafnvel taldar vændiskonur og urðu fyrir áreitni yfirvalda. Í dag er þessi kynskipting að riðlast og flest hjón vinna bæði utan heimilis.

Meirihluti kvenna vinnur við sjálfsþurftarbúskap. Í efna hagslegri uppbyggingu Úganda eru viðskipti talin skipta miklu máli en þau eru auk þess líklegur vettvangur fyrir atvinnuþátttöku kvenna. Talið er að um 46% þeirra er starfa við sölu og þjónustu séu konur. Konur hafa átt erfitt uppdráttar í hinu formlega efnahagskerfi og eru þær helst þátttakendur í ýmsum minni háttar viðskiptum, skiptum á landbúnaðarvörum, sölu á tilbúinni matvöru og bjórframleiðslu auk þess að starfa við þrif, þvotta og almenn heimilisstörf.

Konur eru sífellt meira áberandi í atvinnulífi Kampala og þar eru margar konur í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum hjá opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum og í tengslum við þróunarmál. Þrátt fyrir að konur séu í auknum mæli þátttakendur í atvinnu- og viðskiptalífi eru þær mun verr staddir fjárhagslega en karlar og hafa minni möguleika á að bæta stöðu sína, m.a. vegna hefða og menntunarskorts.



Efnahags- og félagsmál

Miklar náttúruauðlindir eru í Úganda. Þar er frjór jarðvegur, fiskur í vötnum og málmar í jörðu. Um 42% landsframleiðslu koma úr landbúnandi sem er mikilvægasta atvinnugreinin. Opinber þjónusta er um 15% af landsframleiðslu og verslun og viðskipti nema um 13% af landsframleiðslu.

Framleiðsla er mest í suðurhluta landsins. Þar er aðstaða til ræktunar góð og þar eru fjölmennustu svæði landsins. Hagkerfi norður- og vesturhluta landsins eru ekki stöðug og hafa átt á brattann að sækja, ekki síst vegna þess ófriðar sem ríkir á svæðinu.

Á nýlendutímanum var megináhersla lögð á landbúnað. Ódýr hráefni og matvæli voru meðal þeirra auðlinda sem sóttar voru til nýlendna. Lítill áhersla var lögð á annars konar framleiðslu sem lagðist nánast af á áttunda og núnda áratug 20. aldarinnar þegar ástand var óstöðugt. Efnahagsstríð Idis Amins var dýrkeypt. Auk fólks af asískum uppruna og Ísraela sendi Amin fjölda annarra úr landi. Hann þjóðnýtti eignir þessa fólkks auk verksmiðja. Stórum fyrirtækjum og verksmiðjum var stjórnað af ríkinu en litlum fyrirtækjum var dreift ókeypis til lánsamra Úgandabúa. Talað er um að tvö hagkerfi hafi ríkt í landinu, eitt opinbert og annað falið. Við



Efnahagsmál

Úganda:

Landsframleiðsla á mann:
1.208 Bandaríkjadollarar (2000)

Hagvöxtur: 3,8%

(meðaltal timabilsins 1990-2000), 5% (2000/2001)

Aðalatvinnuvegir:

Landbúnaður, þjónusta, verslun og fiskveiðar

Mikilvægustu útflutningsvörur:

kaffi, bómull, te, tóbak og fiskur

Helstu viðskiptalönd - útflutningur:

Þýskaland, Holland, Bandaríkin, Spánn, Ítalía, Belgía, Portúgal og Frakkland

Helstu viðskiptalönd - innflutningur:

Kenía, Bretland, Indland, Japan, Bandaríkin, Frakkland og Þýskaland

Ísland:

Landsframleiðsla á mann:
29.581 Bandaríkjadollarar (2000)

Aðalatvinnuvegir: þjónusta og verslun

Mikilvægustu útflutningsvörur: sjávarafurðir

Helstu viðskiptalönd:

Evrópska efnahagssvæðið, Bandaríkin og Japan


lok stjórnartíðar Amins var Úganda í raun gjaldþrota.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom til aðstoðar seinni ríkisstjórn Obotes sem reyndi að snúa hagþróuninni við, m.a. með því að afnema verðstjórn ríkisins og með aðhaldi í ríkisrekstri. Stjórnin náði ekki að tryggja erlendar fjárfestingar og þegar henni mistókst að halda skipulagðri fjárhagsáætlun dró Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn framlög sín til baka. Þegar Museveni komst til valda var Úganda gjaldþrota enn á ný.

Stjórnarfari á tínum stjórnar Musevenis einkenndist í upphafi af vinstristefnu. En vegna þess slæma ástands sem ríkti í landinu samþykkti stjórnin flestar af kröfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra þróunar- og hjálparstofnana, t.d. um markaðshagkerfi. Museveni hefur lagt áherslu á að byggja upp efnahagskerfi landsins. Ríkisstjórn hans þykir hafa tekist vel til og nú er gjarnan litið á Úganda sem dæmi

um land þar sem efnahagsuppbygging er vel heppnuð. Stöðugleiki hefur ríkt í fyrsta sinn frá því að landið fékk sjálfstæði. Lögð hefur verið áhersla á opna verslun og einkavaeðingu. Fjárfestingarlögum hefur verið breytt til að draga að erlenda fjárfesta sem taldir eru nauðsynlegir til að auka efnahagsumsvif í landinu. Unnið hefur verið að því að byggja upp bankakerfi landsins en þær endurbætur hafa verið haegfara og spillning er landlæg.

Úganda hefur þann vafasama heiður að vera í 11. sæti af 99 spilltustu löndum heims. Almenningur telur lögreglu og dómskerfi spilltustu stofnanir landsins og að ástandið fari versnandi. Þróunar- og hjálparstofnanir hafa haft áhyggjur af misnotkun þeirrar aðstoðar sem veitt er. Ríkið setti á stofn siðferðisráðuneyti 1998 til að vinna gegn spillingu en aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa mistekist vegna skorts á pólitískum vilja að því að talið er.



Landbúnaður

Nær 80% landsmanna starfa við landbúnað sem er höfuðatvinnuvegur landsins. Allt að helmingur landbúnaðarfurða er ræktaður í sjálfsþurftarbúskap. Sjálfsþurftarbúskapur hefur haldist í gegnum ólgutíma og innan hans verður til meirihlutimatarframleiðslunnar. Ríkisstjórnin hefur reynt að koma landbúnaði inn í almennt hagkerfi.

Sjálfsþurftarbúskapur hefur að öllum líkendum bjargað úgöndsku þjóðinni frá hungri á erfiðleikatímum seinni hluta 20. aldarinnar. Karlar taka þátt í sjálfsþurftarbúskap og öðrum landbúnaði í dreifsbýli. Konur og stúlkur fylla þó 80% þeirra sem vinna við landbúnað.

Ólíkar tegundir landréttar eru til staðar í landinu, bæði milli landshluta og innan þeirra. Algengasta formið er „hefðbundið“ eignarhald þar sem einstaklingur getur ekki átt land en getur nýtt það með samþykki fjölskyldu, ættbálks eða samfélags. Árið 1995 voru settar reglur þar sem að auki er hægt að kaupa eða leigja aðgang að landi. Það er almennt ekki skortur á landi til ræktunar og hafa ekki komið upp landréttarvandamál í Úganda eins og svo víða í Afríku.

Kaffi, bómull, te og tóbak eru meginútflutningsvörur landsins en einungis 10% landbúnaðarframleiðslunnar. Ræktun tes og bómullar hefur aukist síðastliðin ár. Kaffi hefur verið meginútflutningsvara landsins allan seinni hluta 20. aldar. Stundum voru tekjur af kaffi yfir 90% af útflutningstekjum landsins. Þar sem veðurfar hefur áhrif á þessa tegund ræktunar er efnahagslegur ágóði þessa grundvallarútflutnings ótryggur. Eins hafa verið sveiflur á verði á kaffi á heimsmarkaði og hefur það áhrif á efnahagskerfið



og þá um leið allt mannlíf í landinu. Þetta sést m.a. í því að tekjur vegna útflutnings á kaffi hafa verið frá 30 til 60% heildarútflytningstekna þrátt fyrir sama útflutningsmagn. Úgandabúa framleiða um 4% alls kaffis í heiminum. Á síðustu árum hafa fiskveiðar aukist mjög og fer stór hluti aflans til útflutnings.

Fiskveiðar

Úganda liggur hvergi að sjó en Úgandamenn eru samt meðal stærri útflytjenda fisks í Afríku. Mikill fiskur er í hinum mörgu vötnum landsins sem þekja um 44.000 km² svæði. Viktoríuvatn og Kyogo eru mikilvægustu veiðivötnin. Síðustu ár hafa fiskveiðar og útflutningur fiskafurða aukist mjög. Bandaríkin, lönd Evrópubandalagsins og Kenía eru mikilvægustu viðskiptalönd Úganda í tengslum við sjávarafurðir. Fiskafurðir voru 7,6 % útflutningsvara árið 1998 en lækkuðu niður í 5% árið 1999 vegna þess að Evrópubandalagið setti 15 mánaða bann á innflutning á fiskafurðum frá landinu vegna þess að gæðatryggingu vörurnar skorti. Þetta var þungbært bann þar sem um 70% fiskútflyttings Úganda var til Evrópulanda. Þúsundir manna misstu vinnuna. Á þeim þremur árum, sem liðin eru frá því að banninu var aflétt, hefur sjávarútvegur blómstrað í landinu og eru nú líkur á því að fiskur verði verðmætar útflutningsvara en kaffi á næstu árum.

Það er ekki síst í sjávarútvegsmálum og fiskveiðum sem Íslendingar sjá möguleika á að leggja fram aðstoð sína og sérþekkingu. Ríkisstjórn Úganda hefur lagt fram beiðni um aðstoð við gæðaeftirlit fiskafurða. Líkur benda til þess að fiskafurðir gætu orðið önnur mikilvægasta útflutningsvara landsins.





Iðnaður

Á áttunda áratugnum voru ýmsir málmar unnir úr jörðu, mestmeginis kopar frá suðurhluta landsins. Nánast allri námuvinnslu var hætt fyrir 1979. Ekki er vitað með vissu hvaða náttúruauðlindir eru fyrir hendi í landinu og er eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar að afla upplýsinga um það. Talið er að víða leynist gull, zink, kopar, nikkel og fleiri málmar. Talsmenn kanadíska fyrirtækisins Uganda Gold

Mining halda því fram að demantaráleynist í jörðu. Eins telja þeir að tantalum og niobium, sem eru mikilvægir málmar fyrir hernaðar-, flug- og tækniframleiðslu, séu til staðar. Fleiri fyrirtæki hafa keypt sér leyfi til að leita að auðlindum til vinnslu. Franskt fyrirtæki hefur fengið rétt til að nema fosfat í austurhluta landsins.

Meirihluti unnninnar framleiðslu tengist landbúnaðarafurðum. Framleiðsla á textfl, tóbaki, drykkjum, viði, pappírsvörum og byggingarefnum telst til stóriðnaðar. Meginhlti minni framleiðslueininga er tengdur fataframleiðslu en einnig er þar að finna sykur- og maísvinnslu og húsgagna-gerð. Öll framleiðsla dróst saman þegar íbúar landsins af asískum uppruna voru hraktir á brott árið 1972 og vegna efnahagslegrar óstjórnar á áttunda áratug og fyrrí hluta níunda áratugar 20. aldar. Talin er þörf á erlendri fjárfestingu til að koma fótum undir framleiðslu og iðnað í landinu.


Byggingariðnaður í Úganda er að mörgu leyti vanþró-aður, bæði að því er varðar framleiðslu byggingarefnis og hæfni fyrirtækja til að taka að sér stór verkefni. Í landinu eru tvö sementsfyrirtæki sem bæði voru í eigu ríkisins. Annað er nú í einkaeign en einkavæðing hins er í undirbún-ningi. Mikil þörf er á uppbyggingu þessa iðnaðar þar sem

grunnvinnu við byggingar og önnur mannvirki og endurnýjunar þeirra er víða þörf.

Einungis 3-5% íbúanna hafa stöðugan aðgang að rafmagni. Rafmagn er selt út úr landinu, til Kenia og Tansaníu, en ekki á alagstínum. Margir fjárfestar segja að óstöðugur aðgangur að rafmagni sé ástæða þess að þeir vilji ekki fjárfesta í landinu. Uppbygging raforkuframleiðslu með vatnsaflri er í vinnslu. Talið er að miklir möguleikar á þess konar raforkuframleiðslu séu fyrir hendi í landinu. Norska fyrirtækið Norpak hefur fengið leyfi til að byggja virkjun í norðurhluta landsins sem áætlað er að verði komin í gagnið árið 2006. Það þykir ekki einungis hafa jákvæð áhrif vegna þeirrar rafmagnsframleiðslu sem talið er að virkjunin muni skila af sér heldur einnig vegna þess að virkjunin er staðsett í norðurhluta landsins þar sem mun færri íbúar hafa aðgang að rafmagni en annars staðar. Umræða hefur farið fram um umhverfisáhrif virkjana í landinu. Talið er að umhverfisspjöll af Norpak-virkjuninni verði minni en af mörgum öðrum framkvæmdum sem eru í bígerð, ekki síst vegna þess að allar túrbínur virkjunarinnar verða neðanjarðar.

Hafin er leit að olíu í landinu. Rannsóknir hafa verið gerðar og talðar eru miklar líkur á að olíulindir séu í landinu. Tilraunaboranir hófust í nágrenni Lake Albert-vatnssins í mars 2002. Mörg alþjóðleg fyrirtæki hafa sýnt áhuga á aðgangi að hugsanlegum olíulindum landsins. Fundur olíu hefði jákvæð áhrif í Úganda, ekki síst vegna þess að um 10% innflutnings til landsins er olía.

Ferðapjónusta var þriðja mikilvægasta leið til gjaldeyrисöflunar á árunum 1962-1972. Árið 1971 var fjöldi ferðamanna, sem kom til landsins, nærri 89.000. Árið 1980 kom nánast enginn ferðamaður. Reynt hefur verið að byggja upp ferðapjónustuna á undanförnum árum. Árið 1999 voru átta ferðamenn og leiðsögumenn þeirra myrtir af rúöndskum uppreisnarmönnum og spillti það fyrir. Eins höfðu hryðjuverkaárásirnar í New York árið 2001 letjandi áhrif og urðu um 40% afföll á hótelbókunum. Þrátt fyrir ýmis skakkaföll jókst straumur ferðamanna til landsins fjórfalt á árunum 1990-1998 þegar um 250.000 ferðamenn sóttu landið heim og er ferðapjónustan sí iðngrein sem er í hvað örustum vexti.



Fátækt

Úganda er eitt fátækasta land í heimi. Þrátt fyrir að dregið hafi úr fátækt á síðastliðnum árum býr meginþorri landsmanna enn við afar bág kjör. Talið er að tæp 30% landsmanna séu vannærðir. Fyrr dregur úr fátækt í borgum en á landsbyggðinni. Fátækt hefur þó aukist í norðurhluta landsins og á þessu tveggja ára tímabili jókst hlutfall fátækra úr 60% íbúa svæðisins í 65%. Lægsta hlutfall fátækra er meðal fjölskyldna þar sem fyrirvinnan vinnur hjá hinu opinbera en einungis um 8% þeirra lífa undir fátæktarmörkum. Hirðingjar og veiðimenn standa einna verst að vígí þar sem yfir 40% þeirra lífa undir fátæktarmörkum.

Á síðasta áratug 20. aldarinnar var yfir 3,8% hagvöxtur í landinu að meðaltali og á árunum 2000-2001 var 5% hagvöxtur. Þrátt fyrir efnahagslegan bata í stjórnartíð Musevenis búa margir við sárstu fátækt. Ný stétt auðugra hefur myndast og ný hverfi efnaðs fólks hafa byggst upp í Kampala. Margir telja að sala ríkiseigna og einkavæðing hafi komið fáeinum útvöldum til góða en ekki þjóðinni allri.

Eitt meginmarkmiða núverandi ríkisstjórnar er að útrýma fátækt í landinu. Stuðst er við sérstaka áætlun um útrýmingu fátæktar (the Poverty Eradication Action Plan). Þróunarsamvinnustofnanir hafa starfað með ríkisstjórn landsins við að hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Mikið


hefur dregið úr fátækt á undanfönum árum og mun það, ásamt áætlun ríkisstjórnarinnar í menntamálum, eflaust verða eitt af minnismerkjum hennar.

Menntun

Við sjálfstæðisstofnunina státaði Úganda af einu besta menntakerfi sunnan Sahara. Einn af hornsteinum stefnu Musevenis er menntun almennings með áherslu á grunnnám (Universal Primary Education - UPE). Áætlun ríkisstjórnarinnar í menntamálum hefur verið í framkvæmd frá 1997 og hefur hún haft í för með sér gríðarlegar breytingar, t.a.m. fjöldaði nemendum í ríkisreknum skólum úr 2,9 milljónum árið 1996 í 5,3 milljónir árið 1997. Ríkisstjórnin hefur þá stefnu að grunnmenntun skuli vera ókeypis fyrir fjögur börn úr hverri fjölskyldu og skulu tvö þeirra vera stúlkur. Það er von til þess að með þessum aðgerðum jafnist menntunarhlutfall kynjanna á næstu árum en árið 2000 kláruðu einungis 49% drengja og 29% stúlkna grunnnám.

Menntun

| | |
|------------------------------|-------|
| Úganda | 67,1% |
| Læsi ungars fólks 15-24 ára: | 78,8% |



Þeir sem vinna við uppbyggingu menntakerfisins standa frammi fyrir mörgum vandamálum. Skortur er á húsnaði og kennslugögnum auk þess sem um 40% kennara eru ómenntaðir. Algengt er að fleiri en 100 börn séu í bekk. Þrátt fyrir mörg vandamál gefa ríkisreknir skólar börnum, sem annars hefðu ekki tækifæri til grunnnaðs, möguleika til menntunar. Framtíðarmarkmið ríkisstjórnarinnar er að gefa öllum börnum kost á grunnmenntun.

Grunnskólanám tekur sjö ár og geta nemendur haldið áfram yfir á miðstig sem skiptist í tvennt: fjögurra og tveggja ára tímabil. Ef ekki er valið miðstig er möguleiki á þriggja ára iðnnámi. Að loknum fyrri hluta miðstigs geta nemendur valið um áframhaldandi nám í iðngrein, grunnnað í kennslu eða undirbúning fyrir embættisstörf. Að loknum seinni hluta miðstigs geta nemendur hafið háskólanám. Lögð er áhersla á sveigjanleika í kerfinu sem sést t.d. í möguleikum fólks til að velja sérvíð að loknu miðstigi.

Talið er að 56,8% kvenna séu læsar á landsvísu og 77,5% karla. Fleiri eru læsir í borgum og í Kampala er almennt læsi talið vera 88% og læsi kvenna 86%.

Í Úganda eru sjö skólar á háskólastigi og er Makaree-háskólinn þeirra stærstur. Um 95% nemenda á háskólastigi eru skráðir nemendur þar. Skólinn er fyrsti háskólinn í Afríku og fyrrum breska heimsveldinu sem hefur lagt áherslu á að taka tillit til kyns við inngöngu og ráðningar við skólan. Í Úganda eru sjö skólar á háskólastigi og er Makarere talinn einn af bestu háskólum í Afríku með yfir 20.000 nemendur. Þangað koma fræðimenn víða að úr heiminum til kennslu- og rannsóknastarfa.


Við Makarere-háskólann er hægt að ljúka námi í hinum ýmsu greinum. Auk náms í klassískum greinum eins og læknisfræði, lögfræði, viðskipta- og hagfræði er t.d. hægt að ljúka doktorsnámi í kynjafræðum við kvenna- og kynjafræðideild skólangs. Dagana 21.-26. júlí 2002 var hin alþjóðlega, fræðilega ráðstefna *Women's Worlds 2002: The 8th International Interdisciplinary Congress on Women* haldin í Úganda undir stjórn Makarere-háskólans. Á ráðstefnunni var lögð áhersla á sjónarhorn fólks í Afríku, raddir ungs fólks, kyngervi karla og kvenna, fjölmenningu, margbreytileika og sjónarhornið sem tekur mið af mismun norðurs og suðurs.

Heilbrigði og sjúkdómar

Ungbarnadauði í Úganda er 81 barn á hver 1000 börn sem fæðast. Þetta er með hæstu tölum um ungþarnadauða í heiminum. Lífslíkur árið 2000 voru 44 ár. Heilsufarsástandið í landinu við lok nýlendutímans var þó eitt hið besta í Afríku. Eins og á svo mörgum sviðum má að miklu leyti rekja þessa stöðu til stjórnartíðar Amins.

Ríkjandi ástand í landinu hefur leitt til þess að heilbrigðiskerfi þjóðarinnar er í miklum kröggum. Heilbrigðiskerfið er blanda af kerfi sjálfbóðaliða og ríkiskerfi. Um 61% spítala-rúma og 58% umönnunar á heilsugæslustöðvum er í höndum ríkisins. Íbúar í norðurhluta landsins hafa minnstan aðgang að heilbrigðiskerfinu. Þar er einn læknir á hverja 25 þúsund íbúa sem er verra en í mörgum öðrum fátaekum löndum og tvísva-rínum verra en ástandið var í landinu árið 1965. Markaður með lyf utan kerfisins hefur stækkað undanfarin ár.

Alnæmi er nú líklegasta dánarorsök fullorðinna í Úganda. Berklar og malaría fylgja svo í kjölfarið. Malaria, lungnabólga, of-purrkun og niðurgangur eru þeir sjúkdómar sem valda helst barnadauða. Umönnun og upplýsingar um meðgöngu og fæðingu eru brotakennar og er mæðradauði í Úganda meira en 12 sinnum hærri en almennt í vestrænum ríkjum. Ebólufaraldrar



hafa einnig komið upp í landinu. Þetta er þó sjaldgæft og fáir hafa látið lífið þar sem tekist hefur að einangra smitsvæðin.

Við lok tuttugustu aldarinnar voru um 14% íbúanna taldir alnæmissmitaðir. Nýgengni sjúkdómsins á sumum svæðum landsins var allt að 30% þegar hún var sem mest. Talið er að um tvær milljónir manna séu smitadar í landinu. Um 12% dauðsfalla má rekja til sjúkdómsins og er hann meginþáarorsök fólks á aldrinum 15-19 ára. Nærri því hver einasta fjölskylda hefur misst fjölskylduméðlim og talið er að um ein til ein og hálf milljón barna sé munaðarlaus vegna sjúkdómsins.

Alnæmi hefur haft mikil áhrif á samfélagið og hafa 800.000 einstaklingar látið lífið af völdum sjúkdómsins. Allir aldurshópar finna fyrir faraldrinum á einn eða annan hátt. Auk þess að eiga á hættu að smitast af sjúkdómnunum hefur dauði nær heillar yngri kynslóðar breytt stöðu aldráðra. Fyrst ber að nefna þá sorg að missa börnin sín og samferðamenn en einnig hafa aldraðir orðið fyrir verulegum efnahagslegum skaða. Það er venjulega talið hlutverk næstu kynslóðar aðala önn fyrir hinum eldri. Gap hefur myndast og þurfa aldraðir nú bæði að gæta munaðarlausra barna og sjá um að skapa sér og þeim efnahagsöryggi.

Smitferlið er ólíkt milli kynjanna. Konur eru almennt í meiri smithættu en karlar vegna líffræðilegra og félagslegra þátta. Fjöllýndi er algengt meðal karla og geta þeir smitað margar konur áður en þeir veikjast sjálfir. Ójöfn staða kynjanna í álfunni birtist einnig í því að margar konur hafa ekki neitunarvald þegar kemur að kynlifi. Ástæða þessa getur verið fátækt og efnahagslegt ósjálfstæði kon-




Heilbrigðismál

ÚGANDA ÍSLAND

| | | |
|---|------|------|
| <i>Lifslíkur við fæðingu</i> (ár) | 44,0 | 79,2 |
| <i>Ungbarnadauði</i> af 1000 lifandi fæddum | 81 | 4 |
| <i>Barnadauði undir 5 ára aldri</i> af 1000 lifandi fæddum | 127 | 4 |
| <i>Mæðradauði</i> (af 100.000 fæðingum, lifandi fæddum) | 510 | - |
| <i>Einstaklingar (15-49 ára) með alnæmi/almæssmit (%)</i> | 5 | 0,15 |
| <i>Aðgangur að hreinu vatni (%)</i> | 50 | - |

Saga Mollýjar Nantongo

Móðir Mollýjar dó árið 1992. „Mamma var með bólgyr í líkamanum og fékk hita. Pabbi fór með hana á heilsugæslustöðina þar sem hún var sprautuð og henni gefnar töflur. Pabbi borgaði mikíð fé fyrir þetta, ég veit ekki hve mikíð. Þegar mamma varð of veik til að komast á heilsugæslustöðina kom pabbi með lyfin heim og ég hreinsaði sár hennar. Sumir vina hennar hjálpuðu líka.“ Ári síðar lést faðir Mollýjar. Mollý var einungis 17 ára og var nú höfuð heimiliðins. Hún bar ábyrgð á fimm yngri systkinum sínum og hálfstystur sinni en móðir þeirrar stúlkur hafði einnig dáið. Í fyrstu var Mollý staðráðin í að halda áfram námi sínu og systkini hennar einnig. Hún fékk aðstoð frá samtökum sem heita Kitovu sem borguðu m.a. skólagjöldin hennar. Hún og systkini hennar þurftu sjálf að útvega fé fyrir öðrum útgjöldum. Mollý fór á færur klukkan fimm á morgnana til að vinna í garðinum en þau stunduðu sjálfsburftarbúskap til að eiga mat. Þau ræktuðu nægan mat til að borða og gátu selt hluta uppskerunnar og keypt salt, olíu, eldþýtur og sápu. Dauði beggja foreldra Mollýjar hafði kippt stoðunum undan lífi hennar og systkina hennar. Mollý dreymdi um að verða hjúkrunarfraðingur en alagjöld var af mikíð og hún þurfti að hætta námi. Mollý var ósátt við að hætta námi en segir: „Þetta var af mikíð. Ég gat ekki haldið áfram. Heima gekk allt vel, ég gat eldað og ræktad. En ég var sifellt með áhyggjur af heimilinu í skólanum og ákvæð því að einbeita mér að því að sjá um systkini míni.“ Mollý giftist árið 1996. Atburðurinn markaði timamót í lífi hennar eftir erfiðleika unglingsárnanna. Hún er nú tveggja barna móðir. Tvær systra hennar hafa einnig gifst. Það er algengt að börn, sem hafa misst foreldra sína og fjölskyldu, stofni snemma á lífsleiðinni sína eigin fjölskyldu. Dauði foreldra hennar hefur einnig haft áhrif á aðra í fjölskyldunni. Yngsti bróðir Mollýjar, sem var einungis 8 ára þegar faðir þeirra dó, var óstýrlátur og lenti upp á kant í skólanum og flosnaði upp úr námi. Hann er einrænn og býr inn í gamla húsinu sem fjölskyldan bjó í.



unnar gagnvart karlinum. Tilkoma alnæmisveirunnar og alnæmis hefur að mörgu leyti gert stöðu ungra kvenna enn verri. Vegna hættu á smiti hafa karlar í auknum mæli kosið að stunda kynlíf með yngri stúlkum í þeirri von að komast sjálfir hjá smiti. Í Masaka er tala alnæmissmitaðra stúlkna á aldrinum 13-19 ára túi sinnum hærri en tala alnæmissmitaðra drengja á sama aldri. Á landsvísu eru þessar tölur 1:4 stúlkum í óhag.

Verulega hefur þó dregið úr nýgengi alnæmissmits í Úganda og er landið oft tekið sem eitt jákvæðasta dæmið um að tekist hefur að hefta útbreiðslu faraldursins. Fulltrúar annarra ríkja, þar á meðal Suður-Afríku, hafa sótt landið heim til að fræðast um hvernig er hægt að bregðast við faraldrinum. Úgandska ríkið ákvað strax í upphafi að skilgreina alnæmissmit og alnæmi sem félagslegan sjúkdóm sem smitaðist vegna félagslegra þátta, fátæktar og vanþekkingar. Áróðursherferðir hafa haft mikil áhrif. Alþjóðabankinn lagði 50 milljónir Bandaríkjadollara til átaks til að hefta útbreiðslu faraldursins á árunum 1994-2000. Búin var til fjölpætt áætlun þar sem kennsla var með óhefðbundnum hætti. Reynt var að koma í veg fyrir smit með því að kynna „öruggt kynlíf“ fyrir almenningu og með almennri fræðslu um ábyrgari kynhegðun einstaklinga. Smokkar eru ódýrir og aðgengilegir um land allt og opinber umræða um kynlíf er afar opinská. Almenningur er vel meðvitaður um smitleiðir alnæmisveirunnar. Unnið er með smituðum einstaklingum og fjölskyldum þeirra. Tala smitaðra hafði lækkað niður í 8% árið 1999 og við árslok 2001 var hún talin vera um 5%. Fjöldi þeirra sem hefur alnæmi á seinni stigum hefur þó aldrei verið hærri. Alnæmislyf eru dýr og hafa fæstir íbúar landsins efni á vestrænum lyfum.

Pað eru mun fleiri „hefðbundnir“ læknar í Úganda en þeir sem leggja stund á vestrænar lækningar og talið er að um 80% landsmanna leiti sér „hefðbundinna“ lækninga. Fólk blandar saman vestrænum og „hefðbundnum“ lækningum. „Hefðbundnir“ læknar hafa verið virkir í kennslu í forvörnum gegn alnæmisveirunni og alnæmi. Mikil samvinna er milli „hefðbundinna“ lækna og annarra við að finna jurtir og lyf við sjúkdómnum, t.d. hafa „hefðbundnir“ læknar og alþjóðlegu samtökin Læknar án landamæra tekið þátt í sameiginlegum verkefnum.



Þróunarsamvinna

Frá því að Úganda fékk sjálfstæði hafa margir komið að þróunarmálum í landinu. Í valdatíð Idis Amins fóll nánast öll þróunarsamvinna niður. Frá 1980 hafa þjóðir, stofnanir, hin ýmsu félagsamtök og fleiri hafið þróunarsamvinnu við landið. Má þar helst nefna hlut Alþjóðabankans en undir handleiðslu hans hefur nánast öll aðstoð verið samræmd að miklu leyti. Evrópubandalagið styrkir uppbyggingu vegakerfis, heilsugæslu, menntastofnana, landbúnaðar og einkageirans. Auk Alþjóðabankans má nefna aðrar stofnanir sem eru í þróunarsamvinnu við Úganda: Alþjóðagjald-eyrissjóðinn, Afríksa þjóðarbankann, Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar stofnanir eins og Barnahálp Sameinuðu þjóðanna. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur unnið að þróunarmálum í landinu frá 1998. Í því verkefni er hugað að tækni við matvæla- og landbúnaðarframleiðslu. Sérstaklega er hugað að því í þessu verkefni hvernig kynjaskipting er í þessum framleiðslugeira.

Stærstu veitendur tvíhliða aðstoðar eru Japanir, Bretar, Danir, Þjóðverjar, Bandaríkjamenn og Hollendingar. Próunarsamstarf Íslands og Úganda hófst árið 2000.

PSSÍ í Úganda

Nú vinna starfsmenn PSSÍ í Úganda að skipulagningu verkefna og eru tvö þeirra þegar komin í framkvæmd og tvö til þrjú í sjónmáli. Vonast er til að vinna við þau hefjist árið 2003.

Fullorðinsfræðsla er annað þeirra verkefna sem hefur verið komið í framkvæmd á vegum PSSÍ en í Úganda er í gangi umfangsmikil áætlun sem stefnir að því að auka læsi í landinu með markvissum hætti. Fullorðinsfræðslan er hluti af aðgerðaráætlun gegn fátækt (Poverty Action Plan). Þessi áætlun hefur talsverðan forgang hjá úgöndskum yfirvöldum í baráttu þeirra gegn fátækt og almennri sókn að betri lífsgæðum fyrir landsmenn. Heildaráætlunin er mjög umfangsmikil og er aðeins að hluta til komin í framkvæmd. PSSÍ vinnur innan þess ramma sem fullorðinsfræðslu hefur verið settur á landsvísu í samstarfi við stjórnvöld í Kalangala-héraði. Kalangala varð fyrir valinu vegna þess að íbúar þess byggja lífsviðurværi sitt á fiskveiðum en ekki á sjálfsþurftarbúskap eins og víðast hvar annars staðar. Sseseeyjarnar, þar sem verkefnið er unnið, eru eyjaklasi með 88 eyjum og eru 64 þeirra í byggð.

Verkefnið miðar að því að þjálfa kennara, þróa kennslu-efni og styðja við kennsluna. Þetta er fullorðinsfræðsla fyrir fólk sem starfar við fiskveiðar eða í fiskvinnslu. Það sem helst hefur háð stjórnvöldum á staðnum er hve erfitt er að halda uppi þjónustu við fullorðinsfræðsluna og íbúana almennnt þar sem byggð er strjál og yfir vatn að fara. Kennslu-efnið er þróað með þarfir fiskveiðisamfélaga í huga. Það einskorðast þó ekki við Sseseeyjar heldur getur það nýst öðrum fiskveiðisamfélögum og þá óháð frekari aðstoð PSSÍ. Markmiðið er að fára verkefnið út til annarra héraða þar sem fiskveiðar eru hluti af atvinnuvegum íbúanna.

Verkefni, er tengist gæðamálum í fiskvinnslu í Úganda, er einnig komið af stað. Stefnt er að byggingu rannsóknastofu með fiskimálayfirvöldum í Úganda til að sinna gæða-

Íslendingar í Úganda

Sjö Íslendingar eru nú búsettir í Úganda og með þeim átta börn. Um er að ræða fjórar fjölskyldur og einn einstakling. Tvær fjölskyldnanna eru alislenskar en tveir Íslendingar eiga maka frá Suður-Afríku. Þrír starfsmenn starfa hjá PSSÍ í Úganda: Árni Helgason, Drífa Kristjánsdóttir og Kristinn Kristinsson. Aðrir Íslendingar í landinu starfa við fiskútflutning og vörufloðninga.

Árni hót störf hjá stofnuninni sem fiskimálaráðgjafi í Malaví árið 1994 og síðar sem verkefnisstjóri stofnunarinnar þar. Drífa hót störf hjá PSSÍ árið 1997 sem upplýsingafulltrúi við fiskimálaverkefni á vegum stofnunarinnar í Malaví. Þegar ákveðið var að hefja þróunarsamvinnu milli Íslands og Úganda árið 2000 fluttu þau sig frá Malaví til höfuðborgarinnar í Úganda, Kampala. Í Úganda starfar Árni sem umdæmisstjóri PSSÍ í landinu með yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar þar en Drífa sem verkefnisstjóri félagslegra verkefna.

Árni og Drífa búa í Kampala ásamt þremur börnum, Önnu Láru, sem er 9 ára, Árna Helga, sem er 11 ára, og Chaiwe Patiswa sem er 14 ára malavísk stúlka sem þau tóku að sér í Malaví þegar hún var 6 ára. Krakkarnir eru allir í skóla í Kampala. Skólinn er alþjóðlegur með um 300 nemendur úr 45 mismunandi þjóðernishópum.

Fjölskyldan kann á allan hátt vel við sig í Úganda og engin vandkvæði hafa fylgt því að aðlagast aðstæðum í Afríku sem eru ólíkar heimahögum á Íslandi. Börnin eru ánægð í skólanum og þau íslensku fá að upplifa margt en þurfa um leið að venjast ýmsu sem er frábrugðið aðstæðum á Íslandi. Par ber auðvitað fyrst að nefna fjölbreyttan bakgrunn og menningu nemenda sem fylgir hinu fjölbjóðlega skólaumhverfi en fjölbreytileikanum er þar haldið mjög á lofti. Skólinn er litill og áhersla er lögð á samvinnu nemenda svo að krakkarnir kynnast vel þótt þau komi úr ýmsum áttum og stoppi sum stutt við. Svo viðrar alltaf vel og er ákveðin hvíld í því að geta hlaupið um á stuttbumum og bol alla daga. Krakkarnir kunna þessu því vel og eru í alls konar íþróttum og útiveru bæði í skólanum og utan hans.

Daglegt líf í Úganda gengur fyrir sig á svipaðan hátt og annars staðar. Fullorðna fólkid fer í vinnu og krakkarnir í skólann á morgnana og svo er komið heim undir kvöld og þá tekur við heimavinna og fjölskyldulif. Vanalega er farið snemma að sofa enda allir komnir á fætur upp úr sex á morgnana. Í Kampala býr rúmlega milljón manns, þar er allt til alls og mannlíf fjörlagt og margbreytilegt því að til höfuðborgarinnar kemur fólk alls staðar að og má sjá fulltrúa hinna mörgu þjóðflokka, sem byggja Úganda, arka um stræti og torg.

Árni og Drífa eru sammála um að Úgandamenn séu sérstaklega vingjarnlegir og hjálpssamir og þægilegir í öllum samskiptum. Þeir eru hreinskiptir og segja hlutina eins og þeir eru sem gerir daglegt líf mun einfaldara og skemmtilegra. Úganda er ungt þjóðfélag sem hefur farið í gegnum mikla endurskoðun síðan 1986 þegar númerandi stjórnvöld komust til valda eftir mikla umbrötatíma í sögu landsins. Fólk er enn þá mjög meðvitað um hlutverk sitt í uppbrygg-



ingu samfélagsins sem kemur m.a. fram í því að það er tilbúið til ýmiss konar sjálfboðastarfa. Þannig eru til dæmis flestir leiðbeinendur í fullorðinsfræðsluverkefninu, sem Drífa starfar við, ólaun-aðir sjálfboðaliðar sem leggja það á sig að kenna félögum sínum að lesa og skrifa án þess að fá nokkra umbun fyrir það fyrir utan ánægjuna af því að miðla af reynslu sinni og pekkingu og væntanlega að gera landi sínu og þjóð gagn. Þetta finnst okkur mjög merkilegt, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að margt af þessu fólk á vart sjálft til hnifs og skeiðar.

Á þeim tíma, sem fjölskyldan hefur dvalið í Úganda, hefur öryggi fjölskyldunnar aldrei verið teljandi ógnað og hitabeltissjúkdómar hafa sem betur fer ekki skilið eftir varanleg merki á fjölskyldumeðlimum. Drífa og Árni eru sammála um að kostirnir við að búa og starfa í Afriku eru miklu fleiri en ókostirnir. Þar er fyrst að telja áhugaverð viðfangsefni og tækifæri til að kynnast ólíku samfélagi og fólk sem sprottið er úr öðru umhverfi og hefur að mörgu leyti ólík viðhorf og lifssýn. Nú styttilst í að fjölskyldan flytji aftur til Íslands. Krakkarnir verða í skóla á Íslandi á næsta ári og hlakka vissulega til að fara aftur heim og hitta fjölskyldu og vini. Fjölskyldan mun eiga góðar minningar frá Úganda og kveðja þessa perlu Afríku með söknuði.

eftirliti í fiskveiðum, -verkun og -vinnslu. ÞSSÍ mun leggja til tækniaðstoð við að koma á viðurkenndu rannsóknarferli í gæðaeftirliti. Erfiðlega hefur gengið að fá gefin út alþjóðlega viðurkennd gæðavottorð fyrir þann fisk sem er veiddur og verkaður í Úganda og hefur það haft veruleg áhrif á greinina. Má þar minna á 15 mánaða bann Evrópubandalagsins á innflutning á fiski frá Úganda.

Um mitt ár 2002 hafði ríkistjórn Úganda samband við ÞSSÍ í Úganda og óskaði eftir aðstoð stofnunarinnar við rannsóknir á mögulegri nýtingu jarðhita við vinnslu rafmagns. Úganda liggur á gosbelti á jarðfræðilegum flekamótum Austur-Afríku. Forrannsókn á þremur svæðum, sem talin eru líkleg til að hægt sé að vinna þar rafmagn, var gerð í nóvember og desember 2002. Verið er að skoða á hvaða hátt ÞSSÍ geti frekar aðstoðað við þetta verkefni. Unnið er að því að senda sérfræðinga til Úganda til að vinna að rannsókn um mögulega nýtingu jarðhitasvæðanna en auk þess ætlað ÞSSÍ að styrkja Úgandamenn til sérfræðináms á Íslandi.

Auk ofangreindra verkefna stýður ÞSSÍ stuðningsverkefni við götubörn í Kampala. Börnin vinna að kertagerð sem gefur þeim möguleika á að afla sér tekna og áhersla er lögð á að styrkja sjálfsvirðingu þeirra. Unnið hefur verið að verkefninu í tvö ár. ÞSSÍ veitir verkefninu rekstrarlegan stuðning en kemur ekki að framkvæmd þess.

Prónarsamvinnustofnun Íslands vinnur með öðrum að stærri verkefnum samhliða sérverkefnum. Í þígerð er t.d. stórt rannsóknaverkefni á lífríki Viktoríuvatns í samvinnu við Svíþjóð, Noreg og Finnland.

Tuttugasta öldin hefur verið rósturtími í sögu Úganda. Uppbyggingar er þörf á nær öllum sviðum samfélagsins eftir átök og borgarastríð. Áherslur núverandi ríkisstjórnar á útrýmingu fátækta og uppbryggingu mennta-, heilbrigðis- og efnahagskerfis eru grunnþættir sem vinna þarf frekar að. Samvinna við utanaðkomandi aðila og stofnanir er mikilvæg til að úgandska þjóðin geti skapað sér bjarta framtíð og byggt upp samfélag sitt.

Helstu heimildir:

- Appiah, Kwame Anthony og Henry Louis Gates, Jr. (Ritstjórar). *Africana: The Encyclopedia of the African and African American Experience*. New York: Basic Civitas Books. 1999.
- Brodie, Fawn. *The Devil Drives*. London: Eland. 1986.
- Economist Intelligence Unit. 2002. *Country Profile 2002 - Uganda*. London: The Economist Intelligence Unit.
- Kanyinga, Karuti, Andrew S. Z. Kiondo og Per Tidemand. *The New Local Level Politics in East Africa: Studies on Uganda, Tanzania and Kenya - Research Report no. 95*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet. 1994.
- Legget, Ian. *Uganda: The Background, the Issues, the People - An Oxfam Country Profile*. Oxford, UK: Oxfam. 2001.
- Muhereza, Frank og Peter Otim. *Pastoral Resource Competition in Uganda: Case Studies into Commercial Livestock Ranching and Pastoral Institutions*. Kampala: International Books in association with OSSREA. 2002.
- Mutibwa, Phares. *Uganda since Independence: A Story of Unfulfilled Hopes*. Trenton: Africa World Press, Inc. 1992.
- Museveni, Yoweri, K. *What is Africa's Problem?* Minneapolis: University of Minnesota Press. 2000.
- Payne, Lina. *Rebuilding Communities in a Refugee Settlement: A Casebook from Uganda*. Oxford, UK: Oxfam. 1998.
- Reinikka, Ritva og Paul Collier. *Uganda's Recovery: The Role of Farms, Firms and Government - World Bank Regional and Sectoral Studies*. Washington DC: World Bank. 2001.
- Tripp, Aili Mari. *Women and Politics in Uganda*. Oxford: James Currey. 2000.
- United Nations Development Program (UNDP). *Human Development Report 2002: Deepening Democracy in a Fragmented World*. New York: United Nations Development Program (UNDP). 2002.
- Netheimildir:
Monitor, (dagblað), <http://www.monitor.co.ug>
My Uganda, <http://www.myuganda.co.ug/>
Uganda Page, http://www.sas.upwnn.edu/African_Studies/Country_Specific/Uganda.html
Women of Uganda Network, <http://www.wougnet.org>

Þetta rit er fjórða í röð smárita Próunarsamvinnustofnunar Íslands um þróunarmál sem ætluð eru almenningi og skólafólki.

Í ritinu er í stuttu máli fjallað um land og þjóð, sögu, helstu atvinnuvegi og þjóðfélagsmál í Úganda.

Leitast er við að varpa ljósi á lífshætti og aðstæður fólks í þessu landi sem á annan áratug var leiksoppur borgarastyrjaldar. Einnig er gefið stutt yfirlit yfir þróunarsamstarf Íslands og Úganda.

Próunarsamvinnustofnun Íslands,

Pósthólf 5330, 125 Reykjavík

Sími: 545 8980

Netfang: iceida@utn.stjr.is